

Fundargerð foreldrafélags Kársnesskóla, 11. janúar 2022

Mætt: Helga Guðný Sigurðardóttir, Kristjana Kristjánsdóttir, Rikke Pedersen, Stefanía Jóna Nielsen, Aðalsteinn Möller, Jóhannes Hlynur Hauksson og Björg Baldursdóttir

Dagskrá:

1. Samvinna foreldrafélags og skólans
 - Foreldrasamfélagið almennt á tímum Covid
 - Fjöldi póstur vegna viðburða sem skilar sér ekki til foreldra
 - Fræðsluerindi
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Rútu- og bekkjarstyrkir
4. Foreldrarölt
5. Samkóp
6. Önnur mál

Niðurstaða

1. Stjórn foreldrafélagsins boðaði Björgu skólustjóra á fund til að taka samtalið um stöðuna í skólasamfélaginu almennt á tímum Covid. Björg er mjög ánægð með að það hafi verið hægt að halda úti nánast óbreyttu skólastarfi þrátt fyrir veiruna og flestar greinar verið kenndar skv. skóladagatali. Hún sagði jafnframt að það væri erfitt að geta ekki hitt foreldra og haldið viðburði og annað sem áður þótti hversdagslegt. Hún benti líka á mikilvægi þess að vera bjartsýn og halda í gleðina á þessum erfiðu tímum.

Foreldrafélagið hefur fengið ábendingar varðandi fræðslu og viðburði sem ekki hafa skilað sér til foreldra. Björg segir að allir aðstandendur nemenda séu með aðgang að Mentor og eigi þ.a.l að fá allan póst sem sendur er úr Mentor. Spurning er hinsvegar hvort allar stillingar í Mentor séu réttar.

Hvað varðar fræðsluerindi þá hefur Erlendur verið með fotta fræðslu sem hefur gefist vel. Voru allir sammála um að halda **gleði erindi** og ætlar foreldrafélagið að óska eftir tillögum um fræðsluerindi. Farið var yfir eineltismál og sagði Björg að Kársnesskóli stæði vel í eineltismálum ef skoðað væri landið í heild sinni. Gerðar eru eineltis- og tengslakannanir tvisvar á ári. Á heimasíðu Kársnesskóla er rauður hnappur merktur Einelti/Bullyng og vonast hún til að hann sé nýttur ef upp kemur mál sem ekki hefur ratað til stjórnenda skólans.

Björg staðfesti að skákbörðin væru komin og sagði þau veita mikla gleði. Við þökkum Björgu fyrir að gefa sér tíma í að funda með stjórn foreldrafélagsins.

2. Farið var yfir fundargerð síðasta fundar og engar athugasemdir gerðar.
3. Breyta þarf verklagi vegna bæði rútu- og bekkjarstyrkja. Með fundargerð aðalfundar verður viðauki með nöfnum þeirra sem þegið hafa bekkjarstyrk. *Stefanía gerir minnisblað.*

4. Það virðist vera ennþá erfiðara að halda úti foreldrarölti á tímum Covid. Foreldrafélagið biðlar til foreldra um að röltla og minnir á mikilvægi sýnileika foreldra og góðs tengslanets. Ákveðið var að veita tvenn verðlaun í röltleikunum þar sem margir eru að standa sig vel. Okkur er ljúft að tilkynna að **9. Æ** vann röltleikana á síðasta ári, til hamingju með röltið ☺
5. Ekki hefur tekist að hafa fund hjá Samkóp þ.a.l erum við ekki með neinar upplýsingar.
6. Ákveðið var að senda út greiðsluseðla vegna félagsgjalda fyrir skólaárið 2021-2022. Við minnum á að greiðslan er valkvæð og verður sú sama og áður hefur verið.

Svo virðist sem Mentor sé ekki alltaf nýttur á sama hátt, þ.e. að sömu upplýsingar eru að finna á mismunandi stöðum. Kannað verður hvort hægt sé að samræma vinnubrögð kennara. Stjórn foreldrafélagsins sendir póst á lðunni og Margréti og biður þær um að koma upplýsingum til foreldra um það hvernig Mentor þarf að vera stilltur til að fá þaðan tölvupóst. Við hvetjum líka foreldra til að hafa sína bekkjar facebook síðu til að koma upplýsingum til skila.

Óskað er eftir tillögum um fræðsluerindi – *Sigga setur á heimasíðu foreldrafélagsins.*
Fundi slitið.

Fræðsla og viðburðir: allir foreldrar eiga að fá allan póst úr Mentor. Allir eru á póstlista, ritarinn þarf alltaf að senda póst til að ná til allra.

